

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 3. desember 2019

Kæru þingmenn,

Landssamtök íslenskra stúdenta - LÍS hafa efnt til herferðar undir yfirheitinu „Fjárfestum í menntun“ vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna, sem ætlað er að koma í stað LÍN. Ljóst er að núverandi lánasjóðskerfi þjónar ekki tilgangi sínum og er löngu tímabært að nýtt og betrubætt kerfi líti dagsins ljós. Menntun er grundvallarstoð atvinnu og nýsköpunar í landinu og nauðsynlegt er að aðgengi allra þjóðfélagshópa þar að sé tryggt, óháð bakgrunni og aðstæðum. Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna er óneitanlega skref í rétta átt. Engu að síður er mikilvægt að gangast við því að enn er mikil vinna fyrir höndum áður en hlutur stúdenta er réttur við á fullnægjandi hátt.

Í frumvarpi um Menntasjóð námsmanna taka lánakjör miklum breytingum samanborið við núverandi lánasjóðskerfi. Vextir myndu verða breytilegir markaðsvextir og með því væri vaxtahámarkið sem ríkir í dag afnumið. Alþingi hefur nú kjörið tækifæri til þess að fjárfesta í menntun með því að fylgja kröfu stúdenta eftir um þak á vexti. Það hefur verið markmið ríkisstjórnar að blása til stórsóknar í menntamálum enda skilar hver króna sem stjórnvöld greiða til náms á háskólastigi sér áttfalt til baka. Sé hlutverk sjóðsins raunverulega að jafna tækifæri til náms þá hlýtur það hlutverk að fela í sér stuðning í formi niðurgreiðslna á fjárhagslegri byrði námsmanna.



Umsögn samtakanna um frumvarp um Menntasjóð námsmanna er nú hægt að nálgast á vef Alþingis. Breytingarnar sem LÍS leggja til í umsögn sinni yrðu til þess að frumvarpið verði hagstæðara fyrir stúdenta og skapi grunn fyrir framfarir á högum þeirra. Stúdentar eru stærstu hagsmunaaðilar frumvarpsins og gæti Menntasjóður námsmanna ekki sinnt hlutverki sínu nema sjóðurinn gagnist þeim fjölbreytta hópi sem stúdentar skipa.

LÍS benda sérstaklega á þau atriði í umsögn samtakanna sem snúa að lánsrétti stúdenta, skýrum undanþágum frá lágmarks námsframvindukröfum, ferðaláni námsmanna og lágmarkssjálfsaflafé námsmanna.

Að lokum vilja samtökin óska eftir því að þið gangið til umræðna með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi með það að markmiði að skapa betra og sanngjarnara kerfi fyrir stúdenta. Í því felst að krefjast þess að frumvarpinu fylgi endurskoðun á framkvæmd sjóðstjórnar á ákvörðun úthlutunarreglna. Menntasjóður námsmanna mun ekki skila tilætluðum árangri nema að úthlutunarreglur sjóðsins geri stúdentum kleift að framfleyta sér.

Nýtum tækifærið og fjárfestum í menntun.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Sigrún Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS